

## Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 3.júní 2020 kl 10:00

Mættir voru allir nefndarmenn fjallskilanevndar, Eyjólfur Yngvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson, Jóhann F. Þórhallsson og Hallgrímur Þórhallsson.

### Dagskrá.

1. Erindi Baldurs Grétarssonar dagsett 20.apríl 2020.
  2. Fundargerð Ferðamálanevndar 4.mars. Liður 4.b.
  3. Önnur mál
- 
1. Farið var yfir erindi Baldur Grétarssonar, einnig lág fyrir minnisblað frá Jóni Jónssyni lögfræðingi á lögfræðistofunni Sókn á Egilsstöðum. Fyrir fundinum liggur viljayfirlýsing frá ábúendum á Skriðuklaustri, þar sem lýst er yfir jákvæðni um málaleitan Baldurs Grétarssonar. Fjallskilanevnd lýsir yfir jákvæðri afstöðu um málaleitan Baldurs Grétarssonar, umsækjandi hefur upprekstrar heimild í land Stuðlafoss á Jökuldal sem er aðliggjandi að Rananum, fjallskilanevnd leggur til að Baldri verði veitt heimild til að setja upp dilk fyrir fé sitt í Melarétt í samstarfi við fjallskilastjóra. Sveitarstjórn geri samning við Baldur Grétarsson um það sem fram kemur í erindinu, enda smali hann bæði í fyrstu- og síðustu göngu.
  2. Fjallskilanevnd er jákvæð gagnvar hugmyndum ferðamálanevndar, en jafnframt teljum að þetta verði ekki á forræði Fjallskilanevndar.
  3. Önnur mál. Eyjólfur vakti mál á að náttthagi í Stuðlafossi hefur verið plægt og veru ekki nothæft til að geima fé í haust. Gangastjóra í Rana falið að finna laust á þessu.

Fundi slitið kl. 11:45

Fundaritari Jóhann F. Þórhallsson

---

Gunnar Jónsson

---

Hallgrímur Þórhallsson

---

Hjörleifur Kjartansson

---

Eyjólfur Yngvason

---

Jóhann F. Þórhallsson